

Fundur í Trygginganefnd kl. 22:00 þann 4. ágúst 2006

Fundargerð fundar sem haldinn er í fundarherbergi ÍBA í Íþróttahöllinni á Akureyri þann 4. ágúst 2006 kl. 22:00.

Fundurinn er boðaður af Trygginganefnd Vélhjóla- og vélsleðaíþróttanefndar ÍSÍ. Í nefndinni sitja Þorsteinn Hjaltason og Guðmundur Hannesson.

Þessi félög voru boðuð til fundarins:

| Félag |
|--|
| Vélhjólaíþróttaklúbburinn (VÍK) |
| Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar (AÍH) |
| Vélhjólaíþróttafélag Reykjaness (VÍR) |
| Mótocrossfélag Árborgar (MÁ) |
| Vélhjólaíþróttafélag Vestmannaeyja (VÍV) |
| Vélhjólaíþróttaklúbbur í Fjarðabyggð (VÍF) |
| Motocrossfélag Egilsstaða |
| Vélsleðaklúbburinn á Húsavík |
| KKA Akstursíþróttafélag (KKA) |
| Vélsleðafélag Ólafsfjarðar |
| Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar |
| Motorcrossklúbbur Snæfellsbæjar |
| Motomos, félag |
| TTK Akstursíþróttafélag |

Mættir eru:

| Nafn: | Félag. |
|-----------------------------|-------------------|
| Aron Reynisson | Vélhjólaneftindin |
| Hrafnkell Sigtryggsson | Vík |
| Þröstur Ásgrímsson | Skagafjarðar |
| Ásta Jónsdóttir | Sama félag |
| Jóhannes Þórðarson | Sama félag |
| Guðmundur rúnar Guðmundsson | Sama félag |
| Guðmundur Hannesson | kka |

Auglýst dagskrá og fundarboð var svohljóðandi:

Trygginganefnd Vélhjóla- og vélsleðaíþróttanefndar ÍSÍ boðar til fundar.

Fundarefni:

1. Tryggingamál og skráningar hjóla.
2. Akstur yngri félaga: a. eldri en 12 ára b. yngri en 12 ára.
3. MX hjól þ.e. hvar mega þau vera, hvar eiga þau að vera.

Markmið fundarins eru þessi:

- A. Gera grein fyrir réttarstöðunni (1. til 3. tl. fundarboðs) eins og hún er núna.
- B. Hvað er gott hvað er vont. (menn verði búnir að undirbúa sig með sínar skoðanir, upplagt að senda þær á stuttlega á e maili svo menn geti hugsað málið fyrir fundinn)
- C. Markmið. Hver er óskastaðan í þessum málum, þ.e. að hverju viljum

við keppa. (Menn undirbúi sig með þetta í huga).
D. Leiðir. Hvernig ætlum við að ná markmiðum okkar: áætlun, tjöldum því sem við getum ÍSÍ, einstaklingar sem við höfum aðgang að (stjórnmalamenn, embættismenn). (Menn undirbúi sig með þetta í huga).

A fúrðir fundarins eiga að vera:

I. Opinber yfirlýsing fundarins: Fundurinn markar stefnumótun fyrir félögin, þ.e. gert grein fyrir réttarstöðu og greini frá hver markmið félaganna er í landinu.

II. Vinnuþlagg: Samræmt grandplan í þessum málum til að vinna eftir til að ná okkar markmiðum.

Fundartími:

Föstudagur 4. ágúst 2006 kl. 22:00. við ætlum að hafa fundinn markvissan og verður ekki setið frameftir nótt. fundi verður lokið kl. 23:30 í síðasta lagi.

Fundarstaður:

Íþróttahöllin á Akureyri, fundarherbergi ÍBA. Hafið samband við undirritaðan um fundarstaðinn, hann gæti breyst ef við þurfum að breyta fundartímanum eitthvað.

KKA heldur Íslandsmót í MX um verslunarmannahelgina. Þá koma vonandi allir til Akureyrar. Fundurinn verður haldinn um þá helgi. Ég hef heyrt í nokkrum og fyrir þá er helst að halda fundinn á föstudagskvöldið 4. ágúst n.k. kl. 22:00.

Vinsamlegast látið vita:

- a. að þið hafið fengið þetta skeyti
- b. hvort þið komist á fundinn.
- c. hvort þið kæmust á fundinn ef hann yrði haldinn á öðrum tíma um þessa helgi og þá hvenær
- d. skoðanir ykkar á þessum málefnum í stuttu máli, tillögur og annað sem þið myndum vilja að fundarmenn hefði fyrir fundinn.

Komið er að fyrsta dagskrárlið sem er að Trygginganefndin gerir grein fyrir réttarstöðunni í þessum þremur málaflokkum.

Þorsteinn Hjaltason sér um það verkefni og gerir grein fyrir réttarstöðunni í þessum málaflokki.

A. Gera grein fyrir réttarstöðunni (1. til 3. tl. fundarboðs) eins og hún er núna.

1. Tryggingamál og skráningar hjóla.

Skráning.

■63. gr. Áður en bifreið, bifhjól, torfærutæki eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. ...

□[[Ráðherra]³⁾ getur og ákveðið að eigi þurfi að skrá önnur skráningarskyld ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan opinberra vega.]²⁾ Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

Þetta ákvæði hefur ekki verið notað þ.e. öll hjól hvort sem þau eru torfærutæki eða bifhjól þarf að skrá.

Vátryggingarskylda.

■ **91. gr.** [Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með ábyrgðartryggingu

92. gr. [Auk ábyrgðartryggingar skv. 91. gr. skal hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysatryggingu,

Bætur skv. þessum tryggingum eru reiknaðar eftir skaðabótalögum nr. 50/1993 (<http://www.althingi.is/lagas/130b/1987050.html>)

Tjónþolar eiga að fá allt tjón sitt bætt, hvort sem um er að ræða útlagðan kostnað tímabundið vinnutap, miski þjóningar, eða vinnutap í framtíðinni vegna varanlegrar örorku. Trygginarverndin verður því ekki betri.

Hvað varðar keppni þá má benda á ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 257/2000 (<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/257-2000>) .

Engum blöðum er því um það að fletta að staðan í þessum málaflokki er sú að öll hjól þarf að skrá og tryggja, hvort sem um er að ræða MX keppnishjól eða endurohjól á hvítum númerum.

Umræður voru um aðferðir við að sækja um undanþáguna.

2. Akstur yngri félaga: a. eldri en 12 ára b. yngri en 12 ára.

a. eldri en 12 ára.

Það er ljóst að próf á motorhjól geta menn ekki tekið fyrr en 15 ára á 50cc hjól og svo 17 ára á stærri hjól, sbr. 48. og 55. gr. umerðarlaga.

Sjá nánar umferðarlög: <http://www.althingi.is/lagas/130b/1987050.html>

55. gr.

Enginn má stjórna léttu bifhjóli, nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess [eða til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli].¹⁾ Ökuskírteini til að mega stjórna léttu bifhjóli má eigi veita þeim, sem er yngri en 15 ára, enda hafi hann áður fengið tilskilda ökukennslu.

[Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli.]¹⁾

...

Bifhjól:

Vélknúid ökutæki sem ekki telst torfærutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflytninga og er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.

Það eru hins vegar undanþáguheimildir frá þessu:

Í 34. gr. umferðarlaga er heimild til undanþágu.

34. gr. [[Ráðherra]¹⁾ getur sett reglur²⁾ um akstursíþróttir á sérstökum afmörkuðum svæðum utan vega. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um ökuskirteini og um lágmarksaldur ökumanns.]³⁾

Eigi má efna til aksturskeppni, nema með leyfi lögreglustjóra. Eigi má án samþykkis vegamálastjóra heimila keppni á þjóðvegi ...⁴⁾ og án samþykkis sveitarstjórnar utan vega.

[Ráðherra]¹⁾ setur nánari reglur um aksturskeppni, þar á meðal um eftirlit, greiðslu kostnaðar o.fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fábótaábyrgð og váttryggingu, svo og ákvæðum um hámarks hraða, enda sé vegur þá lokaður annarri umferð eða keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Þessar reglur voru settar í reglugerð nr. 257/2000. Í 16. gr. reglugerðarinnar kemur fram innan hvaða marka lögreglustjóri má víkja frá reglum umferðarlaga um ökuréttindi. KKA hefur útbúið umsóknir fyrir foreldra sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins sjá

http://www.kka.is/Fraedsla/umsokn_um_undanthagu_fra_lagmarksaldri.doc

Foreldrar koma þessu útfylltu til félagsins og félagið sækir síðan um leyfi til sýslumanns sem hefur veitt slíkar undanþágur t.d. þær sem tilgreindar eru á vef KKA. sjá http://www.kka.is/Felagid/undanthagur_okurettinda_1.pdf

Þegar sýslumaðurinn hefur veitt þessar undanþágur þá hafa þessi unglingar heimild hans til aksturs á réttum hjólum á svæði sem hafa leyfi, allt er þetta skv. umferðarlögum og reglugerð skv. lögnum. VÍS hf. hefur kveðið upp úr með það að það telji unglingana að fullu tryggða á hjólum sínum á þessum svæðum. Sjóvá er í vafa og hefur ekki gefið endanlegt svar ennþá. KKA skaut þessu álitaefni til Fjármálaeftirlitsins og óskaði það eftirlit eftir því í gær að félagið myndi skjóta þessu til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem mun sjálfsagt verða gert fljótlega en ekki hefur verið fjallað um það í stjórn KKA.

Þessi er sem sé réttarstaða 12-17 ára unglinga og víkjum við þá að þeim sem yngri eru.

b. Yngri en 12 ára.

Það er fljótgert að fara yfir þær reglur því þær eru engar. Engar reglur eru til sem heimila akstur yngri manna en 12 ára. Í 22. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um akstur ungra barna á tækjum sem ná gönguhraða en akstur okkar manna getur vart fallið þar undir. Því má segja að akstur yngri barna en 12 ára hafi enga stoð í lögum og reglum og taka engar tryggingar yfir aksturinn. Hjólin eru hins vegar skráningarskyld og tryggingaskyld.

3. MX hjól þ.e. hvar mega þau vera, hvar eiga þau að vera.

Endurohjól á hvítum númerum mega vera á öllum vegum hvar sem er, það eru bara sömu reglur og gilda um bíla og önnur bifhjól.

MX hjólin eru hins vegar flokkuð með torfærutækjum og um það er fjallað í 43. gr. umferðarlaga. Svona í stuttu máli má bara aka MX hjólum á lokuðum einkavegum, þ.e. hvergi nema á MX brautum. Í 5. gr. umferðarlaga og lögum um akstur utan vega er tekinn af allur vafi um það að þessi hjól eða önnur ökutæki mega ekki vera utan vega, hvort sem er utan eða innan þéttbýlis. Þau mega vera á ís og snjó utan vega en annars ekki.

Það er engin heimild til að aka heim skemmstu leið af MX svæðinu eða skemmstu leið á svæðið, ekkert þannig. MX hjól mega vera á einkavegi og hvergi annars staðar.

B. Hvað er gott hvað er vont.

Þorsteinn opnar umræðuna með því að tjá fundarmönnum hvað Trygginganefndin telur vera gott og hvað vont í þessari stöðu.

Gott, og vert að halda í:

1. Tryggingaverndin er góð.
2. Tryggingar eru ódýrar MX hjól 40-50 þúsund og endurohjól 50-70 þúsund.
3. Það eru til reglur um akstur eldri en 12 ára.
4. Unglingarnir eru tryggðir (að okkar áliti)
5. Heimild er fyrir aksturssvæðum
6. Sýslumaðurinn á Akureyri hefur veitt undanþágur frá ökuréttindum

Vont:

1. Bæta má reglu um akstur eldri en 12 ára, varðandi vélstærðir og gera e.t.v. mun á tvígangis og fjórgangishjólum o.fl.
2. Það eru ekki til reglur um akstur yngri barna en 12 ára
3. Erfiðleikar við að fá undanþágur fyrir unglinga annars staðar á landinu en á Akureyri.
4. Tregða tryggingafélaganna til að viðurkenna að ungmennin eru tryggð ef farið er að réttum reglur um undanþágu ökuréttinda.
5. Ekki nægilega skýrar reglur um að MX hjól megi bara vera á lokuðum svæðum skv. reglugerð 257/2000. Reyndar er það hvergi sagt með slíku orðalagi en það þyrfti að vera.

Varðandi skráningaskyldu MX hjóla þá sér trygginganefndin í sjálfu sér ekki neitt slæmt við hana, þ.e. hjólin munu alltaf fá númer í einhverjum bókum, það verður að halda skrá um þessi hjól. En hvort við fáum í pósti rauðu númerin eða engin skiptir ekki öllu máli. Hins vegar eru ýmsar lögfylgjur bundnar skráningaskyldunni sem myndu falla niður með henni ef hún væri á brott. Af þeim sökum getur það skipt miklu máli að fella niður skráningarskylduna.

Engin skráningaskylda leiðir til:

1. Vátryggingaskylda fellur niður. Það telur nefndin vera vont mál. tryggingaverndin er í góðu floknum, eitthvað sem við eigum að halda í að okkar áliti.
2. Við þetta falla hugsanlega niður vörugjöld af MX hjólum, eða í það minnsta greiðir e.t.v. leiðina. Álit nefndarinnar er að slíkt sé ekki tímabært. Við erum að berjast við að halda MX hjólum á lokuðum svæðum. Þróunin er slík að nú kaupa menn frekar hjól á hvítum númerum. Ef vörugjöld eru felld niður af MX hjólum þá munu þau verða mun ódýrari en endurohjól og menn munu því e.t.v. frekar kaupa þau en endurohjólin jafnvel þó menn ætli sér ekki að nota þau á lokuðum svæðum. Nefndin telur ekki tímabært að lækka verð MX hjóla með þessum hætti. Það sem þarf að koma fyrst er:

1. Ljósar reglur um að MX hjól eigi bara að nota á lokuðum svæðum
2. Þessar reglur þurfa að festa sig í sessi hjá mönnum
3. Fjölga MX brautum sem geta tekið við öllum þessum hjólum og fjölga lengri endurobrautum sem hafa heimild fyrir akstri slíkra hjóla.

Þangað til telur nefndin ekki tímabært að lækka verð MX hjólum. Við vitum að þetta er ekki sérlega vinsæl skoðun en hins vegar má ekki á þessu viðkvæma stigi íþróttarinnar verða til þess að snúa við þeirri þróun að menn aki um á löglegum hjólum á hvítum númerum sem gera ekki allt og alla brjálaða með hávaða um allt Ísland (eins og MX hjólin gera). Það er staðreynd að versti óvinur okkar er hávaðinn.

Aron og Hrafnkell tala um að ef skráningarskyldan er felld niður þá falli hjólin ekki undir umferðarlögin og þetta verði íþróttatæki sem ekki þurfi próf á.

Hrafnkell talar um að hann vilji fá guttann sinn tryggðan. Hann vill að menn séu tryggðir.

Aron fór yfir hvernig þetta er erlendis þ.e. í skandinavíu. Og bætur þar. Hrafnkell fór yfir að í skandinavíu æfingatími þar sem menn fara í gegnum námskeið og þurfa að ná ákveðinni hæfni til að aka hjólum.

C. Markmið. Hver er óskastaðan í þessum málum, þ.e. að hverju viljum við keppa.

Þorsteinn gerir grein fyrir hugmyndum nefndarinnar:

Nefndin vill einfaldlega útrýma og laga það sem er í vonða dálkinum og ég gerði grein fyrir hér að ofan en halda í það sem talið er upp í góða dálkinum.

Nefndin vill setja þessi markmið:

1. Að fari sé yfir reglugerð nr. 257/2000 og gerðar á henni tillögur til lagfæringa.
2. Gera reglur um akstur yngri barna en 12 ára og kynna þær fyrir ráðuneytinu og óska eftir að þær verði reglufestar.
3. Koma á því ástandi að hægt sé að sækja um undanþágu fyrir svæði sem slíkt og fá þar með undanþágu á einu bretti fyrir yngri öikumenn, sem koma með beiðni frá foreldrum sínum og félagið heldur skrá yfir.
4. Láta tryggingafélögin öll viðurkenna váttryggingu ungmenna.
5. Breyta reglum um MX hjól þannig að þau séu skilgreind upp á nýtt, þ.e. ekki með torfærutækjum og skýrar reglur verði um að MX hjól megi hvergi vera nema á lokuðum svæðum viðurkenndum eftir reglugerð nr. 257/2000.
6. Að sama skapi verði haldið í váttryggingaverndina eins og hún er núna henni verði ekki breytt og heldur ekki hróflað við lagaskyldunni til að kaupa trygginguna.
7. Ekki verði að sinni sótt að yfirvöldum að fella niður vörugjald af MX hjólum eða gera annað til að lækka verð á MX hjólum umfram endurohjól.

D. Leiðir. Hvernig ætlum við að ná markmiðum okkar.

1. Að fari sé yfir reglugerð nr. 257/2000 og gerðar á henni tillögur til lagfæringa.

Trygginganefnd falið að fara yfir reglugerðina og gera nýja og leggja fyrir ráðuneytið.

2. Gera reglur um akstur yngri barna en 12 ára og kynna þær fyrir ráðuneytinu og óska eftir að þær verði reglufestar.

Innifalið í 1. tl.

3. Koma á því ástandi að hægt sé að sækja um undanþágu fyrir svæði sem slíkt og fá þar með undanþágu á einu bretti fyrir yngir ökumenn, sem koma með beiðni frá foreldrum sínum og félagið heldur skrá yfir.

Koma því inn í reglugerðina hvernig sækja á um undanþágu frá ökuréttindum.

4. Láta tryggingafélögin öll viðurkenna váttryggingu ungmenna.

Skjóta málinu til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

5. Breyta reglum um MX hjól þannig að þau séu skilgreind upp á nýtt ekki með torfærutækjum og skýrar reglur verði um að MX hjól megi hvergi vera nema á lokuðum svæðum viðurkenndum eftir reglugerð nr. 257/2000.

Koma með tillögur að breytingum á umferðarlögum. Koma þeim tillögum til Alþingis. Koma þessu inn í reglugerðina, gera tillögur að breytingum að reglugerðinni í leiðinni. Koma þessu til ráðuneytis, þ.e. vinna þetta í samráði við ráðuneytið sem gæti látið leggja fyrir lagabreytinguna.

6. Að sama skapi verði haldið í váttryggingaverndina eins og hún er núna henni verði ekki breytt og heldur ekki hróflað við lagaskyldunni til að kaupa trygginguna.

Ekki óska eftir niðurfellingu skráningaskyldunnar að svo stöddu.

7. Ekki verði að sinni sótt að yfirvöldum að fella niður vörugjald af MX hjólum eða gera annað til að lækka verð á MX hjólum umfram endurohjól.

Ekki gera neitt að svo stöddu til að lækka gjöld eða fá þau niðurfelld.

I. Opinber yfirlýsing fundarins.

Fundargerð fundarins skal gera opinbera á heimasíðum félaganna og telst marka stefnu Vélahjóra- og vélsleðaíþróttanefndar ÍSÍ í þessum málum.

II. Vinnuplagg.

Fyrir fundinn er lagt neðangreint vinnuplagg:

Trygginganefndin skal sjá um að koma með tillögur að breytingum á lögum og reglum í samræmi við samþykktir fundarins. Koma þeim til ráðuneytis til samþykktar.

Trygginganefndin skal sjá um að koma ágreiningi við tryggingafélögin um váttryggingavernd til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum (málagjald er kr. 6.000 hjá nefndinni og greiðist af Vélhjóra- og vélsleðaiþróttanefndar ÍSÍ).

Trygginganefndin skal hafa samráð við ráðuneyti um að koma þeim tilmælum til sýslumanna að umsóknir um undanþágu ökuréttinda verði samþykktar, sbr. umferðarlög og reglugerðir.

Ekki skal gert neitt er hróflar við váttryggingavernd og laga skyldu til trygginga.

Ekki skal að svo stöddu stuðlað að lækkun á innflutningsgjalda á MX hjólum umfram endurohjól.

Trygginganefndin skal gera grein fyrir vinnu sinnu fyrir jól.

Fundargerðin er lögð fyrir fundin til samþykktar:


Aron stingur upp á því nefndin skoði líka hvað gæti tekið við af lögskyldum tryggingum sem eru núna í gildi. Og bera það saman við það sem viðgengst á norðurlöndum.


Aron upplýsti að þeir hefðu rætt við ráðuneyti og þeir höfðu sagt að þeir óskuðu ekki eftir neinum tillögum frá okkur um breytingar á umferðarlögum og reglugerðinni.

Aron sagði þó að hann væri fylgjandi því að nefndin reyndi að koma að sínum hugmyndum um breytingar á reglum og lögum en myndu sjálfsagt fá sömu svör á þeir hafa fengið til þessa þ.e. nefndin.

Þessi erindi voru lögð fyrir fundinn og var einróma samþykkt að fela nefndinni þessi verkefni.

Akureyri 4. ágúst 2006.


Þórunn
Tóti
Guðmundur Rún


Eiríkur Jónsson
bls. 9 af 9


Þorsteinn Jónsson